

Reykholahreppur  
Stjórnsýsluhúsinu við Mariútröð  
380 Reykholar



Reykjavík, 16. desember 2019  
Tilvísun: 2019120080  
GVGU/  
Tilv. ykkar:

## **Efni: Vestfjarðavegur (60) frá Bjarkalundi að Skálanesi - umsókn um framkvæmdaleyfi**

Vegagerðin, sækir hér með um framkvæmdaleyfi til byggingar Vestfjarðavegar frá Bjarkalundi að Skálanesi, til byggingar nýs Djúpadalsvegar með austanverðum Djúpafirði og endurbyggingar Gufudalsvegar í vestanverðum Gufufirði.

Bygging nýs Vestfjarðavegar er í samræmi við breytingar á Aðalskipulagi Reykholahrepps sem samþykkt var í sveitarstjórn Reykholahrepps 15.október 2019 og staðfest af Skipulagsstofnun 22.nóvember 2019. Lagt hefur verið mat á umhverfisáhrif framkvæmdarinnar og var matsskýrsla Vegagerðarinnar frá því í febrúar 2017 lögð til grundvallar og var álit Skipulagsstofnunar birt þann 28.mars 2017.

Matsskýrslu Vegagerðarinnar og álit Skipulagsstofnunar má nálgast á heimasíðu Vegagerðarinnar. Þar er nánar gerð grein fyrir ákvæðum og vinnutilhögun.

<http://www.vegagerdin.is/framkvaemdir/umhverfismat/matsskyrslur/vestfjardarvegur-60-milli-bjarkalundar-og-skalaness-matsskyrslu>

Markmið framkvæmdarinnar er að bæta samgöngur um sunnanverða Vestfirði, hafa jákvæð áhrif á samfélagið með því að tryggja áreiðanlegar og öruggar samgöngur um Vestfjarðaveg, stytta vegalengdir, leggja bundið slitlag og leggja af vegi um Hjallaháls og Ódrjúgsháls ásamt fjórum einbreiðum brúm.

### **Framkvæmdalýsing**

Á meðfylgjandi uppdráttum má sjá hvernig nýr Vestfjarðavegur frá Bjarkalundi að Skálanesi verður lagður.

Nýr Vestfjarðavegur víkur frá núverandi vegi inn Þorskafjörð við Kinnarstaðir þar sem Þorskafjörður er þveraður við Kóngsvakir með 260 m langri brú. Ný vegamót eru gerð við Þorskafjarðarveg. Í stöð 4300 kemur nýr vegur inn á núverandi veg vestan Þorskafjarðar og fylgir núverandi veglínu að stöð 4600.

Frá stöð 4600 liggur nýr vegur neðan fyrirhugaðs frístundasvæðis við Þórisstaði og frá stöð 5500 verður nýr vegur byggður út með Þorskafirði að vestanverðu um jarðirnar Þórisstaði, Gröf og Hallsteinsnes.

Djúpifjörður er þveraður með tveimur brúm, 230 m langri brú yfir aðalál Djúpaðfjarðar ásamt 50 m langri brú í austanverðum firðinum.

Vegurinn liggur svo um Grónes og þverar síðan Gufufjörð með 160 m langri brú.

Nýr vegur liggur svo um Melanes og tengist núverandi Vestfjarðavegi við Kraká í stöð 19200.

Nýr Djúpadalsvegur tengist Vestfjarðavegi í stöð 14000 og er tæplega 6 km langur og tengist inn á núverandi veg eftir að komið er niður af Hjallahálsi. Vegurinn verður lagður bundnu slitlagi.

Ný tenging við Gufudalsveg verður gerð við Vestfjarðaveg á Melanesi í stöð 18400 og Gufudalsvegur endurbyggður með bundnu slitlagi.

### Efnistaka

Alls er gert ráð fyrir að það þurfi um 1.140 þús m<sup>3</sup> af jarðefnum til framkvæmdarinnar.

Efni í framkvæmdina verður að stærstum hluta sótt í skeringar meðfram veglínunni ásamt efnistöðum sem skilgreindir eru í meðfylgjandi efnistökuáætlun, í aðalskipulagi og í mati á umhverfisáhrifum.

Haft hefur verið samráð við landeigendur og Umhverfisstofnun varðandi efnistöku en lokahönnun efnistökuverðis er ekki lokið.

Í töflu 1 má sjá þá efnistökuverðis sem fyrirhugað er að nota vegna framkvæmdarinnar. Alls eru það 6 námur þar sem sótt verða allt að 233 þús. m<sup>3</sup>.

Tafla 1 - Efnistökuverðis

	MÁU	Aðalskipulagsbreyting (2019.10)	Efnistökuáætlun
Námuheiti	(m <sup>3</sup> )	(m <sup>3</sup> )	(m <sup>3</sup> )
105(E14) Þórisstaðir	80 000	90 000	90 000
114(E12) Hallsteinsnes	50 000	50 000	50 000
118(E9) Grónes	100 000	100 000	50 000
113(E10) Melanes	300 000	50 000	41 000
133(E13) Háubakkar	100 000	100 000	36 000
134(E11) Grjótlager flugbr.	15 000	20 000	15 000
		<b>Samtals:</b>	<b>233 000</b>

### Frágangur vegsvæðis

Vandað verður til frágangs þeirra svæða sem raskað verður við vegagerð og efnistöku. Í útboðsgögnum verður greint frá hvernig haga skuli frágangi vegkanta, fyllinga, skeringa og náma. Fyrirhuguð efnistökuverðis verða í hlíðar við eða í grennd við vegsvæðið. Til að draga úr sjónrænum áhrifum verða efnistökuverðin löguð sem best að óhreyfðu landi við frágang.

Við framkvæmdir verður reynt að raska gróðri og jarðvegi sem minnst. Skeringar og námur verða ekki hafðar opnar lengur en nauðsyn krefur. Frágangi verður hagað þannig að ekki

myndist vindálag á lausan jarðveg. Röskuð svæði verða sléttuð í samræmi við landslag og halla umhverfis þannig að þau falli sem best að umhverfi sínu. Halli fláa á grónum svæðum mun ekki verða brattari en 1:2 og þannig verður reynt að tryggja að náttúrulegur gróður geti náð sér á strik. Brúnir efnistökusvæða og skeringa verða aðlagðar að landinu í kring og gerðar ávalar. Við frágang verður þess gætt að ekki myndist tjarnir í skeringum. Allur frágangur verður í samráði við landeigendur og eftirlitsaðila frá Umhverfisstofnun.

Miðað er við að vegsvæði og námur á grónum svæðum verði grædd upp. Við uppgræðsluna verður leitast við að ná upp grenndargróðri. Svarðlag og jarðvegur verða nýtt til að endurheimta þann gróður sem fyrir var, auk þess sem sáning og áburður verða notuð eftir atvikum. Sáð verður gróðurtegundum sem henta fyrir svæðið og skera sig ekki úr umhverfinu.

Lífrænum jarðvegi (mold) úr grónum skeringum og námum verður ýtt til hliðar áður en efnistaka hefst og hann geymdur til síðari nota til að endurheimta þann gróður sem fyrir var. Ofanafýtingin verður tvískipt. Efsta laginu sem kallast svarðlag, og er gert ráð fyrir að sé um 0,2 m þykkt, er haldið aðskildu frá annarri mold eða moldarblönduðu efni. Í lok framkvæmda verður mannvirkið aðlagð landinu meðfram því og mold og moldarblönduðu efni jafnað yfir svæðin þar sem það er til staðar og að lokum verður svarðlagi jafnað yfir. Auk þess verður áburður og sáning notuð eftir atvikum.

Þar sem kjarri eða skóglendi verður raskað verður það ræktað upp að nýju í samráði við Skógrækt ríkisins. Miðað er við að kjarr verði endurheimt að lokinni lagningu vegarins á svæðum sem eru utan 1,5 m fjarlægðar frá axlarkanti, eða 5,5 m frá miðlínu vegar.

Til þess að forðast að brjóta upp landslagsheildina verður almennt ekki ráðist í uppgræðslu á efnistökusvæðum eða skeringum ef landið í kring er ógróið eða þar sem æskilegt er að náttúruleg gróðurframvinda verði látin ráða.

Haft verður samráð við Umhverfisstofnun, Skógrækt ríkisins, Landgræðslu ríkisins og viðkomandi landeigendur um fyrirkomulag uppgræðslu, m.a. staðarval og uppgræðsluaðferðir. Aðferðir við uppgræðslu náma og vegsvæðis munu m.a. fara eftir ríkjandi gróðurfari á svæðinu, jarðvegi, hæð yfir sjó og hvernig jarðmyndun er á svæðinu.

### **Framkvæmdatími og áfangaskipting**

Gert er ráð fyrir að framkvæmdir geti hafist á árinu 2020 og að framkvæmdatími verði 3 til 4 ár. Í tillögum að samgönguáætlun fyrir 2020-2024 sem lögð var fram á Alþingi í september 2019 er gert ráð fyrir að 7.200 milljónum kr. sé varið í uppbyggingu Vestfjarðavegar um Gufudalssveit á árunum 2020-2023.

Framkvæmdinni er skipt í 4 verkáfanga. Bygging Djúpadalsvegar, þverun Gufufjarðar og Djúpafjarðar, frá Hallsteinsnesi að Þórisstöðum og þverun Þorskafjarðar. Tímasetning hvers áfanga er ekki skilgreind en gert er ráð fyrir að ljúka öllum þessum fjórum áföngum á innan fjögurra ára frá upphafi framkvæmda.

## **Breytingar á framkvæmdum frá mati á umhverfisáhrifum**

Töluverðar breytingar hafa verið gerðar á framkvæmdaáformum í tengslum við ferli við mat á umhverfisáhrifum framkvæmda og breytinga á aðalskipulagi Reykhólahrepps í því skyni að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum.

Breytingar frá árinu 2006 eru þá þá leið að rask á Teigsskógi er nú 30 ha minna en áður og liggur nú einungis á um 2,15 km svæði í gegnum skóginn í stað 6 km áður. Hætt hefur verið við efnistöku úr Teigsskógi ásamt því að lækkun vegar og breyting á veglínu hefur leitt til um 300 þús.m<sup>3</sup> minni efnisparfar til vegagerðar með samsvarandi minna raski. Þá eru nú gerðar strangari kröfur varðandi straumhraða í brúaropum og miðað er við 2 m/s meðalstraumhraða í stað 2,5 m/s.

Frá því að mati á umhverfisáhrifum lauk árið 2017 með áliti Skipulagsstofnunar hafa verið gerðar enn frekari ráðstafanir varðandi breytingar á framkvæmdum til að draga úr neikvæðum áhrifum framkvæmdarinnar á umhverfið, má þar nefna:

- Gert er ráð fyrir tveimur brúaropum í Djúpafríði í því skyni að líkja betur eftir náttúrulegum straumum og hafa þannig minni áhrif á lífríki fjarðarins.

Í tengslum við breytingar á aðalskipulagi Reykhólahrepps gerðu landeigendur í Skálanesi athugasemdir við veglínu um Melanes. Með hliðsjón af athugasemdum landeigenda er veglínunni hliðrað þannig að hún fylgi núverandi Vestfjarðavegi lengur á um 880 m kafla. Breytt veglína hefur því í för með sér jákvæð umhverfisáhrif, minna rask á túnnum, birkikjarri og votlendi eins og gerð er grein fyrir í umhverfisskýrslu aðalskipulagsbreytingarinnar.

## **Mótvægisáðgerðir**

Í matsskýrslu framkvæmdarinnar er gerð grein fyrir ýmsum mótvægisáðgerðum til að koma til móts við neikvæð umhverfisáhrif framkvæmdarinnar.

### Fornleifar

Haft verður samráð við Minjastofnun og fornleifafræðinga áður en framkvæmdir hefjast. Gert er ráð fyrir að fornleifafræðingur fari um þegar skógur er felldur.

### Votlendi

Vegagerðin mun finna svæði þar sem votlendi verði endurheimt í samráði við Náttúrufræðistofnun Íslands og Reykhólahrepp.

### Fuglalíf

Vegagerðin mun hafa samráð við Náttúrustofu Vestfjarða og Náttúrufræðistofnun Íslands um starfsreglur varðandi tilhögun framkvæmda í grennd við amarhreiður og æðarvarp.

Áður en framkvæmdir hefjast og í tvö ár að loknum framkvæmdum, verða fuglar taldir vor og haust. Talningar miðast fyrst og fremst að því að kanna hvort fuglarnir nýti áfram svæðin fyrir innan þveranir að framkvæmdum loknum.

Talning að vori: Áhersla verður lögð á rauðbrystinga en aðrar vaðfuglategundir verða einnig skráðar. Talningar verða í Gufufirði, Djúpafríði, Þorskafríði og svo í Berufirði til samanburðar.

Talning að hausti: Áhersla verður lögð á að telja vaðfugla á leirunum. Einnig verða andfuglar taldir og þá aðallega í Djúpafirði. Talið verður í Gufufirði, Djúpafirði og Þorskafirði.

### **Vöktun umhverfisþátta**

Vegagerðin mun standa að vöktun umhverfisþátta, þ.e. gróðurfars, ástands sjávar og lífríki sjávar meðan á framkvæmdum stendur og að þeim loknum.

Gert er ráð fyrir að ráðinn verði sérstakur ráðgjafi vegna þessa sem mun fylgja eftir þeim mótvægisáðgerðum sem fjallað er um matsskýrslu framkvæmdarinnar. Ráðgjafinn mun skila reglulegum áfangaskýrslum um úttektir, verklag og framgang framkvæmdarinnar og skila til viðeigandi stofnana og Reykhólahrepps.

### **Aðrar leyfisumsóknir**

Í kjölfar umsóknar um framkvæmdaleyfi mun Vegagerðin sækja um leyfi til annarra leyfisveitenda:

- Leyfi til fellingar skóga til Skógræktar ríkisins
- Óska eftir umsögn Umhverfisstofnunar vegna röskunar á verndarsvæðum
- Umsögn og leyfi frá Minjastofnun vegna framkvæmda í námunda við fornleifar
- Leyfi frá Fiskistofu vegna framkvæmda við ár og vötn

Meðfylgjandi gögn gera nánari grein fyrir fyrirhugaðri framkvæmd:

- Afstöðumynd
- Yfirlitsmyndir í mælikvarða 1:4.000
- Skýringarupprættir í mælikvarða 1:10.000
- Yfirlitsmyndir brúarmannvirkja 1:500
- Efnistökuáætlun og upprættir sem skilgreina efnistökusvæði

Ítarlegri uppráttum vegna brúa í Djúpafirði verður skilað inn síðar.

Virðingarfyllst,

  
Magnús Valur Jóhannsson

Framkvæmdastjóri mannvirkjasviðs Vegagerðarinnar